

Skeiða- og Gnúpverjahreppur
Ellisif Bjarnadóttir
Árnesi
801 Selfoss

Reykjavík, 28. apríl 2023
Tilvísun: 202209014 / 3.2

Efni: Tillaga að breytingu á aðalskipulagi vegna fjallaskála á Flóa- og Skeiðamannafrétti og Gnúpverjafrétti

Skeiða- og Gnúpverjahreppur hefur, með erindi dags. 29. mars 2023, sent Skipulagsstofnun til athugunar tillögu að breytingu á aðalskipulagi samkvæmt 3. mgr. 30. gr. skipulagslaga. Tillagan var samþykkt til auglýsingar í sveitarstjórn 1. mars 2023.

Skipulagstillagan er sett fram í greinargerð og á kortblaði dags. 14. nóvember 2022 með breytingum dags. 7. febrúar 2023.

Í breytingartillögunni felst að skilgreint er afþreyingar og ferðamannasvæði fyrir fjallaskála á Flóa- og Skeiðamannafrétti. Um er að ræða skálana Klett (AF16), Hallarmúla (AF17), Sultarfit (AF18), Skeiðamannafrétti (AF19), Bjarnalækjaboutna (AF21), Tjarnarver (AF22), Setrið (AF23) og Gljúfurleit (AF20). Sett eru skipulagsákvæði varðandi stærð landnotkunarreitna, auknar byggingarheimildir og fjölgun gesta. Einnig er áformað að skilgreina afþreyingar og ferðamannasvæði fyrir gangnamannakofana Gljúfurleit (AF25 gamli skáli), Trant (AF26), Dalsárkofa (AF27), Kjálkaverskofa (AF28), Bólstað (AF29), Lambahöfðakofa (AF30), Grímsstaði (AF31) og Helgabotna (AF34). Skilgreind eru 8 ný vatnsból (VB33-40) og 10 efnistökusvæði (E46-E55) þar sem heimiluð er allt að 50.000 m³ efnistaka.

Skipulagsstofnun veitti umsögn um vinnslutillögu.

Með erindinu bárust umsagnir frá Minjastofnun dags. 20. janúar 2023, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands dags. 17. janúar 2023, Eldvarnaeftirliti B. Á. dags. 3. janúar 2023, Forsætisráðuneyti, dags. 17. janúar 2023, Náttúrufræðistofnun Íslands dags. 20. janúar 2023 og Umhverfisstofnun dags. 20. janúar 2023.

Skipulagsstofnun hefur farið yfir framlögð gögn og bendir á eftirfarandi atriði til skoðunar. Skipulagsstofnun ítrekar jafnframt þær ábendingar sem fram koma í umsögn stofnunarinnar um vinnslutillögu í bréfi dags. 19. janúar 2023 en þær eiga enn við. Þegar skipulagstillagan verður send stofnuninni til staðfestingar þarf að fylgja samantekt á því hvernig brugðist hefur verið við ábendingum stofnunarinnar við athugun fyrir auglýsingu og í umsögn um vinnslutillögu.

Tillaga að breytingu á aðalskipulagi gerir ráð fyrir stækkun núverandi afþreyingar- og ferðamannasvæða og skilgreiningu nýrra svæða, rúmlega tvöföldun byggingarmagns fjallaselja, rúmlega þreföldun landnotkunarreitna, meira en tvöföldun gistiþlássna, ásamt uppbyggingu vegslóða og vega sem eru ekki uppbyggðir.

Samræmi við landsskipulagsstefnu

Í landsskipulagsstefnu eru ferðaþjónustustaðir á hálendinu flokkaðir í jaðarmiðstöðvar, hálendismiðstöðvar, skálasvæði og fjallasel en þessi flokkun svæðanna vísar til mismunandi eðlis þjónustu, aðgengis og umfangs uppbyggingar á svæðunum. Skálasvæði eru almennt í góðu vegasambandi og gisting er í gistiskálum en fjallasel eru í takmörkuðu vegasambandi og staðsetning þeirra tekur mið af hæfilegum dagleiðum göngufólks.

Að mati Skipulagsstofnunar endurspeglast eðlismunur fjallaselja og skálasvæða samkvæmt landsskipulagsstefnu ekki nægilega vel í tillögunni, einkum með tilliti til umfangs þjónustu sem birtist í ákvæðum um fjölda gesta. Þannig gerir skipulagstillagan ráð fyrir svipuðum fjölda gistiþlássa í fjallaseljum og á skálasvæði, 40-50 gestum á hverjum stað. Auk þess er í fjallaselinu Setri gert ráð fyrir allt að 90 gestum þ.e. 40 fleiri en á skálasvæðinu við Gljúfurleit. Skipulagsstofnun beinir því til sveitarstjórnar að færa rök fyrir því hvernig svo umfangsmikil starfsemi í fjallaseljum fellur að framangreindri skilgreiningu fjallasels samkvæmt landsskipulagsstefnu.

Jafnframt þarf að skýra nánar hvers vegna stefnt er að um það bil 10 ha stækkun fjallaseljanna við Klett og Hallarmúla sem verða um 13 ha (Klettur) og um 11 ha (Hallarmúli) að stærð eftir breytingu en skálasvæðið við Gljúfurleit er um 9 ha að stærð. Athuga þarf hvort afmarka ætti landnotkunarreiti fyrir þessi tvö svæði á uppdrætti í stað hringtákn.

Að mati Skipulagsstofnunar gæti fjölgun ferðamanna á svæðunum breytt upplifun og valdið auknu álagi á viðkvæma náttúru. Í umhverfismatsskýrslu þarf að skoða og leggja mat á áhrif af bættu aðgengi og fjölgun gistiþlássa á svæðunum á umhverfisþættina og þá einkum á gróður, ásýnd og landslag en einnig á víðerni og upplifun ferðafólks af svæðunum.

Skrá yfir vegi í náttúru Íslands

Skipulagsstofnun telur að gera þurfi skýrari grein fyrir fyrirhuguðum *úrbotum á aðkomuvegum* sem tilgreindar eru í tillögunni og þá einnig með tilliti til fyrirbyggjandi flokkunar vega í náttúru Íslands en á skipulagssvæðinu eru seinfærir vegir (F1) og torfærir vegir (F3) samkvæmt flokkun vega. Áformaðar vegaútbætur geta haft áhrif á fyrirbyggjandi flokkun vega og því þarf að skoða hvort úrbætur á vegum kalli á breytingu á flokkun þeirra samhliða breytingu á aðalskipulagi.

Aðrar ábendingar

- Taka þarf fram stærð efnistökusvæðanna í töflu í tillögunni.
- Minnt er á að skila þarf stafrænum gögnum þegar aðalskipulagsbreytingin verður send stofnuninni til staðfestingar.

Skipulagsstofnun gerir ekki athugasemd við að skipulagstillagan verði auglýst skv. 31. gr. skipulagslaga, þegar brugðist hefur verið við ofangreindum ábendingum.

Guðjón Erlendsson